

# LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta  
The National Union of Icelandic Students  
Established 2013



Reykjavík, 28. maí 2020

## Ályktun LÍŠ um breytingartillögur allsherjar- og menntamálanefndar á frumvarpi um Menntasjóð námsmanna

Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍŠ, bera von í brjósti sér um að Menntasjóður námsmanna geti leitt til nauðsynlegra úrbóta í lánasjóðsmálum og er frumvarpið gott fyrsta skref, þó ganga megi lengra en það gerir nú. Þann 25. maí 2020 fór frumvarp um Menntasjóð námsmanna í aðra umræðu á Alþingi<sup>1</sup>. Nefndarmenn í allsherjar- og menntamálanefnd hafa lagt fram nokkrar breytingartillögur sem samræmast kröfum LÍŠ. Að neðan eru þær breytingartillögur sem LÍŠ styðja sérstaklega og telja mikilvægt að nái fram að ganga. Telja LÍŠ þessar viðbætur og breytingar nauðsynlegar til þess að Menntasjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu sem jöfnunarsjóður og til að hann geti með réttu verið kallaður styrktarsjóður.

*Áherslur LÍŠ vegna breytingartillagna allsherjar- og menntamálanefndar:*

### Vaxtakjör - 10. og 11. tillaga meiri hluta<sup>2</sup>

LÍŠ skiluðu inn umsögn um frumvarpið þann 1. desember og var aðaláhersla stúdenta þak á vexti<sup>3</sup>. Það er ánægjulegt að sjá að allsherjar- og menntamálanefnd hefur tekið tillit til þess og svarað kalli herferðar samtakanna „Fjárfestum í menntun“, sem efnt var til síðastliðinn vetur<sup>4</sup>. Þó ber að nefna að í fyrrnefndri umsögn kröfðust samtökin þess að vaxtarhámarki yrði breytt í 3% á verðtryggðum lánum og 7% á óverðtryggðum, í stað 4% og 9%. Þau viðmið eru ekki gripin úr lausu lofti heldur miðast við útreikninga í fylgiskjali Stúdentaráðs Háskóla Íslands fyrir frumvarpsdrög um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, forvera frumvarps um Menntasjóð námsmanna<sup>5</sup>. Þar kemur fram að sé miðað við mismunandi mánaðarlaun og fundið hlutfall tekna sem nýtt er í að greiða afborganir af námsláni við námslok má sjá að með 4% vexti mun greiðslubyrði í langflestum tilfellum verða töluvert hærra en af

<sup>1</sup> Sjá feril málsins hér: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efur-thingum/ferill/?ltg=150&mn=329>

<sup>2</sup> Sjá breytingartillögu meiri hluta hér: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1478.html>

<sup>3</sup> Sjá umsögn LÍŠ um frumvarp um Menntasjóð námsmanna hér: <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-683.pdf>

<sup>4</sup> Sjá herferð samtakanna „Fjárfestum í menntun“ hér: <https://studentar.is/msn>

<sup>5</sup> Sjá fylgiskjal SHÍ inn á Samráðsgátt hér: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1439](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1439)

tekjutengdum lánum. Kjarninn í þessari kröfu er sú staðreynd að of háir vextir munu éta upp þann ávinning sem hlýst af styrkjakkerfi, eins og er nefnt í nefndarátliti 1. minni hlutans.

#### **Frestun á endurgreiðslu - 14. tillaga meiri hlutans**

LÍS fagna tillögu meiri hlutans um að skýra og víkka heimild fyrir stjórn sjóðsins í 23. gr. til að heimila undanþágu frá greiðslum. Í umsögn LÍS um frumvarpið kemur fram að árin eftir námslok geti verið fólki fjárhagslega erfið og mikilvægt að undanþágur frá greiðslum séu skýrar í lögum, sem er ekki raunin í núverandi mynd frumvarpsins.

#### **Tekjutengd afborgun - 22. tillaga meiri hlutans, liður a**

Meiri hlutinn leggur til að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 21. gr. um að tekjutengd afborgun miðist við 35 ára aldur þá geta lánþegar sem hefja nám á tímabilinu 2020–2023 valið að endurgreiða námslán með tekjutengingu séu námslok áður eða á því ári þegar 40 ára aldri er náð. Tillaga meiri hlutans er skref í rétta átt. Í nefndarátliti þess kemur fram að samkvæmt upplýsingum fjármála- og efnahagsráðuneytis munu fastar afborganir námslána hækka endurgreiðslubyrði þeirra sem hafa lágar tekjur en konur séu að jafnaði með lægri laun en karlar og oftast í hlutastörfum. LÍS taka undir með meiri hlutanum að í ljósi félagslegs jöfnunarhlutverks námslánakerfisins og hættu á óæskilegum jaðaráhrifum þá verði að gæta sérstaklega að áhrifum 1. mgr. 21. gr. á þennan hóp við heildarendurskoðun laganna eftir þrjú ár.

#### **Heildarendurskoðun - 22. tillaga meiri hlutans, liður d**

LÍS fagna breytingartillögu meiri hlutans sem felur í sér að löggin verði endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku þeirra. Verði frumvarpið að lögum skulu stúdentar eiga sæti við borðið við endurskoðun laganna. Slíkt reynslutímabil myndi nýtast til þess að kanna kosti og galla nýja kerfisins og með endurskoðun væri hægt að laga kerfið enn frekar að kröfum stúdenta. Þó telja stúdentar að slík endurskoðun eigi ekki að koma í veg fyrir að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á frumvarpinu núna. Kröfur stúdenta snúa nú að því að Menntasjóðurinn bæti raunverulega kjör stúdenta, sem hefði ekki verið raunin án vaxtaþaks. LÍS telja vaxtaþakið í núverandi mynd þó enn ófullnægjandi. Samtökin áréttu því hér að krafa stúdenta um vaxtaþak felur í sér 3% hámark á verðtryggðum og 7% á óverðtryggðum lánum.

#### **Hækkun niðurfellingar - 4. tillaga 1. minni hluta<sup>6</sup>**

---

<sup>6</sup> Sjá breytingartillögu 1. minni hluta hér: <https://www.althingi.is/alttext/150/s/1480.html>

LÍS fagna innleiðingu beins styrkjakerfis í formi 30% niðurfellingar á höfuðstól láns enda hafa stúdentar lengi beðið eftir styrkjakerfi sem byggt er á einhverjum þeirra fyrirmýnda sem finnast á Norðurlöndunum. Í nefndaráliti sínu bendir 1. minni hluti á að sambærilegur afsláttur í nágrannalöndum okkar sé hærri, til að mynda 40% í Noregi. Leggur 1. minni hluti til að hlutfall niðurfellingar verði hækkað úr 30% í 40%. Komið hefur fram að markmiðið með nýju kerfi sé að ganga skrefinu lengra í átt að því að tryggja hagsmuni stúdenta á Íslandi betur en gert hefur verið. LÍS telja hærri niðurfellingu nauðsynlega til þess að ávinningurinn skili sér raunverulega til stúdenta.

#### **Aukinn tími til að ljúka námi - 4. tillaga 1. minni hluta**

LÍS styðja breytingartillögu 1. minni hluta sem snýr að því að rýmka þann tíma sem lánþegar hafa til að ljúka námi og eiga rétt á niðurfellingu. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að hugsunin að baki tímafrestinum sé að hvetja stúdenta til þess að ljúka námi á „sem skemmstum tíma“. Þessi stefna brýtur á bága við sjónarmið stúdenta um aðgengi og sveigjanleika í námi. Ýmsar ástæður geta legið að baki því þegar stúdentar ákveða að taka námshlé eða dreifa einungum yfir nokkur ár og hætta er á því að einmitt þau sem þurfa mest á niðurfellingu að halda fá ekki að njóta þess vegna krafa um námsframvindu. Undantekningar á kröfum um námsframvindu í úthlutunarreglum munu ekki ná yfir öll og telja stúdentar því aukið svigrúm án tiltekinna skilyrða vera til bóta.

#### **Þjónustuhlutverk - 6. tillaga 1. minni hluta**

Í umsögn sinni komu LÍS á framfæri mikilvægi þess að Menntasjóður námsmanna bjóði stúdentum upp á ráðgjöf og aðstoð við að velja á milli verðtryggðs og óverðtryggðs láns eftir námslok og muni hafa skýrar upplýsingar um efnið á vef sínum. Ánægjulegt er að sjá að áhersla er lögð á þjónustu við lánþega í nefndaráliti bæði meiri hluta og 1. minni hluta. Meiri hlutinn beinir því eingöngu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins að tryggja aðgengi námsmanna að skýrum leiðbeiningum en leggur ekki fram breytingartillögu þess efnis. LÍS styðja 6. breytingartillögu 1. minni hluta um að við 3. mgr. 16. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: „Menntasjóður skal veita viðeigandi fræðslu um kosti og galla verðtryggðra og óverðtryggðra lána.“

#### **Trygg framfærsla - 1. tillögur 1. og 2. minni hluta<sup>7</sup>**

Eins og LÍS hafa nefnt, og kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans, þá þarf að tryggja stúdentum nægilega framfærslu svo þau lendi ekki í vítahring fjárhagserfiðleika. Sá vítahringur skapast þegar stúdentar vinna samhliða námi vegna lágrar grunnframfærslu og tekjur fara umfram frítekjumark, sem leiðir í framhaldinu til skerðingar á námslánum. Meiri hlutinn lagði þó ekki fram efnislega breytingu

---

<sup>7</sup> Sjá breytingartillögu 2. minni hluta hér: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1482.html>

hvað þetta varðar. LÍS gerðu athugasemdir við að frumvarpið boði engar breytingar handa sjóðsstjórn vegna ákvörðunar grunnframbærslu og fagna því 1. tillögum 1. og 2. minni hluta sem, ef samþykktar verða, munu festa í lög að framfærsla skuli vera að lágmarki dæmigert neyslumið. Samhliða þeirri breytingu yrðu ákvæði um frítekjumark í úthlutunarreglum að endurspegla raunverulegar tekjur stúdenta.

Í nefndaráli 3. minni hlutans kemur fram að þrátt fyrir jákvæðar breytingar sem í frumvarpinu felast þá tryggir það fyrst og fremst hagsmuni þeirra sem greiða þurfa af námslánum en gerir minna fyrir lánþega meðan á námi þeirra stendur<sup>8</sup>. Fyrirnefndar tillögur 1. og 2. minnihluta myndu gera það að verkum að frumvarpið yrði hagstæðara fyrir lánþega í námi.

### **Lánsréttur - 2. tillaga 2. minnihluta**

Í núverandi mynd takmarkar 4 gr. frumvarpsins lánsrétt við 420 ECTS. Þetta samræmist ekki stefnu stúdenta sem hafa endurtekið óskað eftir hærri lánsrétti síðastliðin ár. LÍS taka undir 2. breytingartillögu 2. minni hluta sem myndi snúa orðalagi laganna aftur í fyrra horf frá frumvarpsdrögum um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna og þannig tryggja að lágmarki 420 ECTS lánsrétt.

*Eftirfarandi eru kröfur LÍS sem rötuðu ekki inn í breytingartillögur allsherjar- og menntamálanefndar og krefjast frekari skoðunar:*

### **Lágmarksnámsframvinda flóttafólks**

Þingmaður Suðvesturkjördæmis, Guðmundur Andri Thorsson, hefur lagt til að allsherjar- og menntamálanefnd skoði möguleikann á undanþágu frá lágmarksnámsframvindukröfu fyrir flóttafólk og vísar í umsögn LÍS þar sem þessi krafa kemur fram. LÍS krefjast þess að sett verði lagastoð utan um undanþágur fyrir flóttafólk og innflytjendur sem þurfa að fara í viðbótarnám til að fá viðurkenningu á fyrra námi en ná ekki að uppfylla lágmarks námsframvindukröfur.

### **Lágmarkssjálfsaflafé**

Í 4. mgr. 3 gr. frumvarpsins kemur fram að skilgreina skuli lágmarkssjálfsaflafé námsmanna nánar í úthlutunarreglum. Ákvæði um lágmarkssjálfsaflafé felur í sér heimild sjóðsstjórnar til þess að lána ekki fyrir ákveðinni upphæð skólagjalda sem hefur undanfarin ár miðast við skrásetningargjöld í opinbera háskóla. Fram kemur í greinargerð að hér sé verið að samræma lög við úthlutunarreglur og

---


<sup>8</sup> Sjá nefndarálit 3. minni hluta hér: <https://www.althingi.is/alttext/150/s/1483.html>

framkvæmd þeirra eins og hefur verið gert hingað til. LÍS telja ólíðandi að þessi heimild sé til staðar. Í þeim háskólum þar sem innheimt eru skólagjöld fá lánþegar því aðeins skólagjaldalán umfram ákveðna upphæð, hingað til 75.000 krónur, en ekkert er því til fyrirstöðu að þessi upphæð hækki í úthlutunarreglum. Upphæðin er þegar íþyngjandi og óljóst hvers vegna þessi útgjöld, sem augljóslega tengjast námi, eru ekki lánshæf. Í framkvæmd verður ákvæðið til þess að lánþegar þurfi að nota hluta framfærslu sinnar í skólagjöld eða stendur jafnvel í vegi fyrir að fólk eigi efni á skólagjöldum og geti sótt sér menntun.

### **Samantekt**

Ljóst er að núverandi kerfi þjónar ekki tilgangi sínum og er löngu tímabært að nýtt og betrubætt kerfi líti dagsins ljós. Menntun er grundvallarstoð atvinnu og nýsköpunar í landinu og nauðsynlegt er að aðgengi allra þjóðfélags hópa þar að sé tryggt, óháð bakgrunni og aðstæðum. Ofangreindar tillögur eru skref í rétta átt að betra lánasjóðskerfi. Umrætt frumvarp boðar miklar breytingar á lánasjóðskerfi námsmanna og er mikilvægt að gæta til hins ítrasta að nýtt kerfi þjóni hlutverki sínu. Enn er tækifæri til úrbóta og er það von LÍS að þingmenn samþykki ofangreindar tillögur með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta



Jóhanna Ásgeirsdóttir

Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta